

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2012/EES/14/01		Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA 533/09/COL frá 16. desember 2009 um sjötugustu og sjöundu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar; við bætist nýr kafli um einfaldaða málsmeðferð við afgreiðslu tiltekinna tegunda ríkisaðstoðar.	1
2012/EES/14/02		Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins – Ákvörðun 391/11/COL (Ísland)	12
2012/EES/14/03		Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins – Ákvörðun 392/11/COL (Ísland)	12
2012/EES/14/04		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 395/11/COL (Liechtenstein).	13
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2012/EES/14/05		Kæra Den norske Forleggerforening gegn Eftirlitsstofnun EFTA sem lögð var fram 9. janúar 2012 – (Mál E-1/12)	14
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2012/EES/14/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6314 – Telefónica UK/Vodafone UK/Everything Everywhere/JV)	15
2012/EES/14/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6510 – Remondis/Sortiva/Stam Papier Recycling) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	16
2012/EES/14/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6521 – Talanx International/Meiji Yasuda Life Insurance/Warta)	17
2012/EES/14/09		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6532 – Samsung Group/Corning Group) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	18

2012/EES/14/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6216 – IHC/DEME/Oceanflore JV)	19
2012/EES/14/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6369 – HBO/Ziggo/HBO Nederland)	19
2012/EES/14/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6381 – Google/Motorola Mobility)	20
2012/EES/14/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6441 – Senoble/Agrial/Senagral JV)	20
2012/EES/14/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6475 – AXA Reim/CBRE PFCE Management/Warsaw III)	21
2012/EES/14/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6480 – PetroFina/Fina Antwerp Olefins)	21
2012/EES/14/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6507 – Anglo American/De Beers)	22
2012/EES/14/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6509 – GE/KGAL/Extresol-2)	22
2012/EES/14/18	Ríkisaðstoð – Frakkland – Málsnúmer SA.23257 (12/C, áður NN 8/10, áður CP 157/07) – Starfsgreinarsamningur innan ramma „Association française pour la valorisation des produits et des secteurs professionnels de l’horticulture et du paysage“ (Val’Hor) – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.	23
2012/EES/14/19	Orðsending efnahags-, landbúnaðar- og nýsköpunarráðherra Konungsríkisins Hollands með vísan til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni.	24
2012/EES/14/20	Opin auglýsing eftir tillögum – GP/RPA/ReferNet-FPA/001/12 – ReferNet – Evrópskt net Cedefop á sviði starfsmenntunar og starfsþjálfunar	25

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRDUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2012/EES/14/01

533/09/COL

frá 16. desember 2009

um sjötugustu og sjöundu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar; við bætist nýr kafli um einfaldaða málsmeðferð við afgreiðslu tiltekinna tegunda ríkisaðstoðar

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN ⁽¹⁾,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽²⁾, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum ákvæða 24. gr. og stafliðar b) í 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt staflið b) í 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út auglýsingar eða leiðbeiningar um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða stofnunin álitur það nauðsynlegt.

Eftirlitsstofnun EFTA gaf út málsmeðferðar- og efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar ⁽⁴⁾ hinn 19. janúar 1994.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna samþykkti auglýsingu um einfaldaða málsmeðferð við afgreiðslu tiltekinna tegunda ríkisaðstoðar ⁽⁵⁾ hinn 16. júní 2009.

Sú auglýsing varðar einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ í lok XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Eftirlitsstofnun EFTA leitaði samráðs um þetta efni hinn 8. desember 2009 við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, og við stjórnvöld í EFTA-rikkjunum með bréfum sem dagsett voru 20. nóvember 2009.

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslenska textanum.]

⁽²⁾ „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁴⁾ Leiðbeinandi reglur um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* (nú *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*; hér eftir: Stjtíð. EB eða Stjtíð. ESB) L 231, 3.9.1994, bls. 1, og EES-viðbæti nr. 32, 3.9.1994, bls. 1. „Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir. Dagrætt gerð leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð er birt (á ensku) á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines>

⁽⁵⁾ Sjá Stjtíð. ESB C 136, 16.6.2009, bls. 3.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð breytast þannig að við bætist nýr kafli um einfaldaða málsmeðferð við afgreiðslu tiltekinna tegunda ríkisaðstoðar. Nýi kafllinn er birtur í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 16. desember 2009.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Per Sanderud
Forseti

Kristján Andri Stefánsson
Stjórnarmaður

I. VIÐAUKI

Leiðbeinandi reglur um einfaldaða málsmeðferð við afgreiðslu tiltekinna tegunda ríkisaðstoðar ⁽⁶⁾**1. Inngangur**

- 1) Í þessum leiðbeinandi reglum er lýst einfaldaðri málsmeðferð sem Eftirlitsstofnun EFTA hyggst beita, í nánu samstarfi við stjórnvöld í hlutaðeigandi EFTA-ríkjum, til þess að flýta rannsókn á tilteknum tegundum ríkisaðstoðar sem krefjast þess eingöngu að stofnunin gangi úr skugga um að farið sé að gildandi reglum og venjum, þ.e. engin þörf er á að beita ákvörðunarvaldi. Ráða má af reynslu stofnunarinnar af beitingu 61. gr. EES-samningsins og ákvæðum reglugerða, regluramma, leiðbeininga og auglýsinga sem gefnar hafa verið út á grundvelli 61. gr. EES-samningsins ⁽⁷⁾ að vissir flokkar aðstoðar, sem tilkynningar berast um, hljóta yfirleitt samþykki án þess að ástæða þyki til að efast um að þeir samrýmist framkvæmd EES-samningsins, að því tilskildu að engar óvenjulegar aðstæður séu fyrir hendi. Lýsingu á þessum flokkum aðstoðar er að finna í 2. undirkafla. Um aðrar aðstoðarráðstafanir, sem tilkynntar eru Eftirlitsstofnun EFTA, verður fjallað samkvæmt viðeigandi málsmeðferð ⁽⁸⁾ svo og, í flestum tilvikum, samkvæmt reglum um bestu framkvæmd eftirlits með ríkisaðstoð.
- 2) Tilgangur þessara leiðbeinandi reglna er að skýra hvaða skilyrði þurfa venjulega að vera fyrir hendi til þess að Eftirlitsstofnun EFTA geti tekið einfaldaða ákvörðun um að lýsa tilteknar tegundir ríkisaðstoðar samrýmanlegar EES-samningnum á grundvelli einfaldaðrar málsmeðferðar, og að veita leiðbeiningar um málsmeðferðina sjálfa. Þegar fullnægt er öllum skilyrðum samkvæmt reglunum mun Eftirlitsstofnun EFTA leitast af fremsta megni við að gefa út einfaldaða ákvörðun áður en 20 virkir dagar eru liðnir frá tilkynningardegi, þess efnis að hin tilkynnta ráðstöfun teljist ekki ríkisaðstoð eða að andmælum verði ekki hreyft, í samræmi við ákvæði 2. eða 3. mgr. 4. gr. II. hluta bókar 3 við samning milli EFTA-ríkjana um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.
- 3) Ef einhver þeirra fyrirvara eða undantekninga á við, sem getið er í 6.–12. mgr. þessara reglna, verður aftur á móti beitt venjulegri málsmeðferð í tengslum við tilkynnta aðstoð í samræmi við ákvæði II. kafla bókar 3, og gefur stofnunin þá út ákvörðun í fullri lengd í samræmi við ákvæði 4. gr. og/ eða 7. gr. þeirrar bókar. Hvað sem þessu líður eru aðeins framfylgjanlegir að lögum þeir frestir sem kveðið er á um í 5. mgr. 4. gr. og 6. mgr. 7. gr. bókar 3.
- 4) Eftirlitsstofnun EFTA hyggst beita málsmeðferð samkvæmt þessum leiðbeinandi reglum með það að markmiði að gera ákvarðanir á sviði eftirlits með ríkisaðstoð í EES-ríkjunum fyrirþjáanlegri og árangursríkari. Ekkert í þessum leiðbeinandi reglum skal túlka á þann veg að tilkynna beri Eftirlitsstofnun EFTA stuðningsráðstafanir sem teljast ekki ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins, enda þótt stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum sé heimilt að tilkynna slíkar ráðstafanir í því skyni að tryggja réttarvissu.

⁽⁶⁾ Kaflinn, sem hér birtist, samsvarar auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við afgreiðslu tiltekinna tegunda ríkisaðstoðar, sjá Stjtið. ESB C 136, 16.6.2009, bls. 3.

⁽⁷⁾ Sjá einkum leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar (Stjtið. ESB L 305, 19.11.2009, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 60, 19.11.2009, bls. 1), hér eftir: „leiðbeinandi reglur um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun“, leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð sem veitt er til að örva áhættufjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtið. ESB L 184, 16.7.2009, bls. 18, og EES-viðbætur nr. 38, 16.7.2009, bls. 1), hér eftir: „leiðbeinandi reglur um áhættufjárfestingar“, leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð til umhverfisverndar (Stjtið. ESB L 144, 10.6.2010, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 29, 10.6.2010, bls. 1), hér eftir: „leiðbeinandi reglur um aðstoð til umhverfisverndar“, leiðbeinandi reglur um landsbundna byggðaaðstoð árin 2007–2013 (Stjtið. ESB L 54, 28.2.2008, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 11, 28.2.2008, bls. 1), hér eftir: „leiðbeinandi reglur um byggðaaðstoð“, ákvörðun um framlengdan gildistíma leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð til skipasmíða (Stjtið. ESB L 148, 11.6.2009, bls. 55, og EES-viðbætur nr. 30, 11.6.2009, bls. 21), hér eftir: „leiðbeinandi reglur um skipasmíðar“, leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð til gerðar kvikmynda og annarra hljóð- og myndverka (Stjtið. ESB L 105, 21.4.2011, bls. 32, og EES-viðbætur nr. 23, 21.4.2011, bls. 1), hér eftir: „leiðbeinandi reglur um kvikmyndagerð“, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 frá 6. ágúst 2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmáls (reglugerð um almenna hópundanþágu) (Stjtið. ESB L 214, 9.8.2008, bls. 3), sem var felld inn í EES-samninginn, XV. viðauka, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2008, en sú ákvörðun birtist í Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 111, og í EES-viðbæti nr. 79, 18.12.2008, bls. 20.

⁽⁸⁾ Ráðstafanir, sem tilkynntar eru Eftirlitsstofnun EFTA í tengslum við yfirstandandi fjármálakreppu með vísan til leiðbeinandi reglna stofnunarinnar með fyrirögnunum „Beiting ríkisaðstoðarreglna gagnvart ráðstöfunum vegna fjármálastofnana sem gerðar eru í tengslum við yfirstandandi fjármálakreppu í heiminum“ (Stjtið. ESB L 17, 20.1.2011, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 3, 20.1.2011, bls. 1) og „Tímabundnar reglur um ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar sem miðast að því að auðvelda fjármögnun í yfirstandandi fjármála- og efnahagskreppu“ (Stjtið. ESB L 15, 20.1.2011, bls. 26, og EES-viðbætur nr. 3, 20.1.2011, bls. 31), verða ekki teknar til athugunar í samræmi við einfaldaða málsmeðferð samkvæmt þessum leiðbeinandi reglum. Sérstakar reglur hafa verið settar í því skyni að hraða afgreiðslu slíkra mála.

2. Flokkar ríkisaðstoðar sem fallið geta undir einfaldaða málsmeðferð

Hlutgengir flokkar ríkisaðstoðar

5) Eftirtaldir flokkar aðstoðar geta að meginstefnu til fallið undir einfaldaða málsmeðferð:

a) 1. flokkur: Aðstoðarráðstafanir sem falla undir „venjulegt mat“ samkvæmt viðeigandi köflum eldri leiðbeinandi reglna

Aðstoðarráðstafanir, sem falla undir „venjulegt mat“ (í samræmi við kafla sem geyma ákvæði um svokallaða „örugga höfn“) ⁽⁹⁾ eða sambærilegt mat af öðru tagi ⁽¹⁰⁾ samkvæmt leiðbeinandi reglum um almenna ríkisaðstoð, sem reglugerðin um almenna hópundanþágu tekur ekki til, geta að meginstefnu til fallið undir einfaldaða málsmeðferð.

Einfölduð málsmeðferð verður aðeins notuð þegar Eftirlitsstofnun EFTA hefur fengið staðfest, í aðdraganda tilkynningar (sjá 13.–16. mgr.), að fullnægt hafi verið öllum skilyrðum um efnisatriði og málsmeðferð samkvæmt viðeigandi köflum þeirra leiðbeinandi reglna sem byggt er á hverju sinni. Þetta merkir að athuganir í aðdraganda tilkynningar verða að staðfesta að hin tilkynnta aðstoðarráðstöfun virðist við fyrstu sýn fullnægja settum skilyrðum, eins og þeim er lýst í viðeigandi leiðbeinandi reglum sem varða almenna ríkisaðstoð, að því er varðar:

- tegund styrkþega,
- styrkhæfan kostnað,
- aðstoðarhlutföll og styrkuka,
- hversu mikla aðstoð má veita án þess að tilkynna hvert tilvik sérstaklega, eða hæstu leyfilegu aðstoðarfjárhæð,
- á hvaða formi aðstoðin er veitt,
- uppsöfnunaráhrif,
- hvatningaráhrif,
- gagnsæi,
- hvort hugsanlegir aðstoðarþegar eru útilokaðir ef þeir hafa verið krafðir um endurgreiðslu eldri aðstoðar ⁽¹¹⁾.

Þær tegundir aðstoðar, sem Eftirlitsstofnun EFTA telur koma til greina að fella undir einfaldaða málsmeðferð í þessum flokki, eru einkum þessar:

- i) Ráðstafanir á sviði áhættufjárfestinga, önnur en framlög til fjárfestingasjóða sem fjárfesta í óskráðum félögum, sem fullnægja öllum öðrum skilyrðum 4. undirkafla leiðbeinandi reglna um áhættufjárfestingar.
- ii) Aðstoð til fjárfestingar á sviði umhverfisverndar sem fullnægir skilyrðum 3. undirkafla leiðbeinandi reglna um aðstoð til umhverfisverndar:
 - Við útreikning á styrkhæfum kostnaði er notuð aðferð til að finna heildarkostnað sem samræmist ákvæðum 82. mgr. leiðbeinandi reglna um aðstoð til umhverfisverndar ⁽¹²⁾ eða
 - aðstoðarfjárhæðin er hækkuð sem nemur styrkuka vegna nýsköpunar á sviði umhverfismála, sem sýnt er fram á að samræmist ákvæðum 78. mgr. leiðbeinandi reglna um aðstoð til umhverfisverndar ⁽¹³⁾.

⁽⁹⁾ Til dæmis 5. kafla leiðbeinandi reglna um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun eða 3. kafla leiðbeinandi reglna um aðstoð til umhverfisverndar, svo og 4. kafla leiðbeinandi reglna um áhættufjárfestingar.

⁽¹⁰⁾ Leiðbeinandi reglur um byggðaaðstoð; undirkafla 3.1.2 í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum (Stjtið. ESB L 107, 28.4.2005, bls. 28), hér eftir: „leiðbeinandi reglur um björgun og endurskipulagningu“.

⁽¹¹⁾ Beitt verður venjulegri málsmeðferð ef tilkynnt aðstoðarráðstöfun er þess eðlis að hún getur komið til góða fyrirtæki sem hefur verið gert að endurgreiða aðstoð í kjölfar eldri ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA um að lýsa þá aðstoð ólögmeta og ósamrýmanlega EES-samningnum (svonefnt Deggendorf-mál). Sbr. mál C-188/92 TWD Textilwerke Deggendorf, dómasafi 1994, bls. 1-833.

⁽¹²⁾ Í 5. mgr. 18. gr. reglugerðar um almenna hópundanþágu er mælt fyrir um einfaldaða aðferð til kostnaðarútreiknings.

⁽¹³⁾ Í reglugerð um almenna hópundanþágu er ekki gert ráð fyrir undanþágu vegna styrkuka til nýsköpunar á sviði umhverfismála.

- iii) Aðstoð við ung sprotafyrirtæki sem er veitt í samræmi við undirkafla 5.4 í leiðbeinandi reglum um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun og er flokkuð sem stuðningur við nýsköpun á grundvelli undirkafla 5.4, undirliðar i) í stafl. b), í reglunum ⁽¹⁴⁾.
- iv) Aðstoð við nýsköpunarklasa sem er veitt í samræmi við undirkafla 5.8 og 7.1 í leiðbeinandi reglum um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun.
- v) Aðstoð til verkferils- og skipulagstengdrar nýsköpunar á sviði þjónustustarfsemi sem er veitt í samræmi við undirkafla 5.5 í leiðbeinandi reglum um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun.
- vi) Sérákvæðin byggðaaðstoð sem er minni en svo að skylt sé að tilkynna hana sérstaklega samkvæmt ákvæðum 53. mgr. leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð ⁽¹⁵⁾.
- vii) Björgunaraðstoð í framleiðslu- og þjónustugreinum (nema í fjármálafyrirtækjum) sem fullnægir öllum efnisskilyrðum undirkafla 3.1.1 og 3.1.2 í leiðbeinandi reglum um björgun og endurskipulagningu ⁽¹⁶⁾.
- viii) Áætlanir um björgun og endurskipulagningu smáyrirtækja sem fullnægja öllum skilyrðum samkvæmt 4. undirkafla leiðbeinandi reglna um björgun og endurskipulagningu ⁽¹⁷⁾.
- ix) Sérákvæðin aðstoð til endurskipulagningar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, að því tilskildu að hún fullnægi öllum skilyrðum samkvæmt 3. undirkafla leiðbeinandi reglna um björgun og endurskipulagningu ⁽¹⁸⁾.
- x) Útflutningslán til skipasmíðastöðva sem fullnægja öllum skilyrðum samkvæmt undirkafla 3.3.4 í leiðbeinandi reglum um skipasmíðar ⁽¹⁹⁾.
- xi) Áætlanir um stuðning við framleiðslu hljóð- og myndefnis sem fullnægja öllum skilyrðum samkvæmt undirkafla 2.2 í leiðbeinandi reglum um kvikmyndaframleiðslu að því er varðar undirbúning, töku, dreifingu og kynningu hljóð- og myndverka ⁽²⁰⁾.

Þessi upptalning er til viðmiðunar og getur listinn átt eftir að breytast með hliðsjón af breytingum sem síðar verða gerðar á núgildandi leiðbeinandi reglum eða þegar nýjar reglur eru teknar upp. Ef tilefni er til verður listinn endurskoðaður til þess að hann verði áfram í samræmi við gildandi ríkisaðstoðarreglur.

b) 2. flokkur: Ráðstafanir sem samræmast rótgróinni ákvörðunarframkvæmd Eftirlitsstofnunar EFTA

Aðstoðarráðstafanir, sem eru sama eðlis og ráðstafanir sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur gefið samþykki fyrir í þremur eða fleiri eldri ákvörðunum (hér eftir: „fordæmisákvörðanir“) ⁽²¹⁾ og því er unnt að afgreiða án tafar með hliðsjón af þessari viðteknu framkvæmd stofnunarinnar, geta að meginstefnu til fallið undir einfaldaða málsmeðferð. Aðeins þær ákvörðanir Eftirlitsstofnunar EFTA, sem teknar hafa verið á næstu tíu árum áður en fyrirhuguð tilkynning er boðuð (sjá 14. mgr.), skulu teljast „fordæmisákvörðanir“.

⁽¹⁴⁾ Ákvæði reglugerðar um almenna hópundanþágu taka eingöngu til ungra sprotafyrirtækja sem fullnægja skilyrðum samkvæmt undirkafla 5.4, undirlið ii) í stafl. b).

⁽¹⁵⁾ Í slíkum tilvikum verður að koma skýrt fram frá upphafi í upplýsingunum sem stjórnvöldum í EFTA-ríkinu er skylt að leggja fram: i) að aðstoðarfjárhæðin sé lægri en svo að tilkynningarskylda myndist (án þess að gripið sé til flókinna núvirðisreikninga), ii) að aðstoðin verði nýjffærsting (en ekki fjárfestingu til endurnýjunar) og iii) að áhrif aðstoðarinnar í þá átt að styrkja byggðaðróun vegi augljóslega þyngra en samkeppnisröskunin sem af henni leiðir. Sjá til dæmis ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli N 721/2007 (Pólland, Reuters Europe SA).

⁽¹⁶⁾ Sjá til dæmis ákvörðanir framkvæmdastjórnarinnar í málum N 28/2006 (Pólland, Techmatrans), N 258/2007 (Þýskaland, „Rettungsbeihilfe zugunsten der Erich Rohde KG“) og N 802/2006 (Ítalía, Björgunaraðstoð sem veitt er Sandretto Industrie).

⁽¹⁷⁾ Sjá til dæmis ákvörðanir framkvæmdastjórnarinnar í málum N 85/2008 (Austurríki, Ábyrgðakerfi fyrir litil og meðalstór fyrirtæki í héraðinu Salzburg), N 386/2007 (Frakkland, Áætlun um björgun og endurskipulagningu litilla og meðalstórra fyrirtækja), N 832/2006 (Ítalía, Áætlun um björgun og endurskipulagningu, Valle d'Aosta). Þessi nálgun er í samræmi við ákvæði 7. mgr. 1. gr. reglugerðar um almenna hópundanþágu.

⁽¹⁸⁾ Sjá til dæmis ákvörðanir framkvæmdastjórnarinnar í málum N 92/2008 (Austurríki, Aðstoð til endurskipulagningar Der Bäcker Legat) og N 289/2007 (Ítalía, Aðstoð til endurskipulagningar Fiem SRL).

⁽¹⁹⁾ Sjá til dæmis ákvörðanir framkvæmdastjórnarinnar í málum N 76/2008 (Þýskaland, Framlengdur gildistími CIRR, fjármögnunarkerfis vegna skipaútflutnings), N 26/2008 (Danmörk, Breytingar á fjármögnunarkerfi vegna skipaútflutnings) og N 760/2006 (Spánn, Framlengdur gildistími fjármögnunarkerfis vegna útflutnings – skipasmíðar á Spáni).

⁽²⁰⁾ Enda þótt skilyrði reglnanna verði aðeins tökuþáttinn með beinum hætti er þeim í reynnd beitt hliðstætt við mat á því hvort vinna við undirbúning og frágang hljóð- og myndverka geti talist samrýmanleg gildandi reglum svo og nauðsynjar- og meðalhöfsreglu, sbr. ákvæði stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Sjá til dæmis ákvörðanir framkvæmdastjórnarinnar í málum N 233/2008 (Kvikmyndaframleiðslusjóður í Lettlandi), N 72/2008 (Spánn, Styrkir til kvikmyndagerðar í Madrid), N 60/2008 (Ítalía, Stuðningur við kvikmyndagerð í Sardiníuhéraði) og N 291/2007 (Kvikmyndasjóður Hollands).

⁽²¹⁾ Eftirlitsstofnun EFTA getur einnig tekið mið af ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar í mati sínu á því hvort rótgróin ákvörðunarframkvæmd hefur myndast.

Einfölduð málsmeðferð verður aðeins notuð þegar Eftirlitsstofnun EFTA hefur fengið staðfest, í aðdraganda tilkynningar (sjá 13.–16. mgr.), að fullnægt hafi verið öllum skilyrðum um efnisatriði og málsmeðferð sem fordæmisákvæðanirnar byggðust á, einkum að því er varðar markmið og heildartilhögun ráðstöfunarinnar, flokka styrkþega, styrkhæfan kostnað, hversu mikla aðstoð má veita án þess að tilkynna þurfi hvert tilvik sérstaklega, aðstoðarhlutföll og (eftir því sem við á) styrkkaupa, reglur um uppsöfnun, hvatningaráhrif og kröfur um gagnsæi. Við þetta bætist, eins og fram kemur í 11. mgr., að beitt verður venjulegri málsmeðferð ef tilkynnt aðstoðarráðstöfun er þess eðlis að hún getur komið til góða fyrirtæki sem hefur verið gert að endurgreiða aðstoð í kjölfar eldri ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA um að lýsa þá aðstoð ólögmeta og ósamrýmanlega EES-samningnum (svonefnt Deggendorf-mál).

Þær tegundir aðstoðar, sem Eftirlitsstofnun EFTA telur koma til greina að fella undir einfaldaða málsmeðferð í þessum flokki, eru einkum þessar:

- i) Ráðstafanir til verndunar á menningararfleifð viðkomandi lands, fyrir tilstuðlan starfsemi sem tengist fornum sögustöðum eða þjóðarminjum, að því tilskildu að aðstoðin sé bundin við „varðveislu menningararfs“ með vísan til ákvæða stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, með hliðsjón af ákvæðum stafl. d) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ⁽²²⁾.
- ii) Aðstoðarkerfi til styrktar leikhússtarfsemi, dansiðkun og tónlistarstarfi ⁽²³⁾.
- iii) Aðstoðarkerfi til styrktar tungumálum minnihlutahópa ⁽²⁴⁾.
- iv) Ráðstafanir í þágu útgáfufyrirtækja ⁽²⁵⁾.
- v) Ráðstafanir í þágu breiðbandsuppbyggingar í strjálbýli ⁽²⁶⁾.
- vi) Ábyrgðakerfi vegna fjármögnunar til skipasmiða ⁽²⁷⁾.
- vii) Ráðstafanir sem fullnægja öllum öðrum viðeigandi ákvæðum almennrar reglugerðar um hópundanþágu en falla ekki undir gildissvið hennar af þeim ástæðum einum:
 - að ráðstafanirnar teljast „sérákvæðin aðstoð“ ⁽²⁸⁾,
 - að framsetning ráðstafananna er ógagnsæ (sbr. 5. gr. reglugerðar um almenna hópundanþágu), en vergt styrkígildi hefur verið reiknað samkvæmt aðferð sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur gefið samþykki fyrir í þremur mismunandi ákvörðunum sem teknar hafa verið eftir 1. janúar 2007.
- viii) Ráðstafanir til stuðnings við uppbyggingu grunnvirkja í einstökum byggðarlögum, sem teljast ekki hafa í för með sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins að teknu tilliti

⁽²²⁾ Sjá til dæmis ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar í málum N 393/2007 (Holland, Styrkveiting til NV Bergkwartier), N 106/2005 (Pólland, Hala Ludowa í Wroclaw) og N 123/2005 (Ungverjaland, Sérstakt styrkakerfi á sviði ferðaþjónustu og menningarmála í Ungverjalandi).

⁽²³⁾ Sjá til dæmis ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar í málum N 340/2007 (Spánn, Aðstoð við leikhússtarfsemi, dansiðkun, tónlistarstarf og hljóð- og myndefnisframleiðslu í Baskalandi), N 257/2007 (Spánn, Stuðningur við leiksýningar í Baskalandi) og N 818/99 (Frakkland, Skattatengt gjald á sviðssýningar og tónleika).

⁽²⁴⁾ Sjá til dæmis ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar í málum N 776/2006 (Spánn, Aðstoð til að efla almenna notkun basknesku) N 49/2007 (Spánn, Aðstoð til að efla almenna notkun basknesku) og N 161/2008 (Spánn, Aðstoð til eflingar baskneskri tungu).

⁽²⁵⁾ Sjá til dæmis ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar í málum N 687/2006 (Slóvakía, Aðstoð við Kalligram s.r.o. vegna tímaritsútgáfu), N 1/2006 (Slóvenía, Stuðningur við útgáfufyrirtæki í Slóveníu) og N 268/2002 (Ítalía, Aðstoð í þágu útgáfufyrirtækja á Sikiley).

⁽²⁶⁾ Sjá til dæmis ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar í málum N 264/2006 (Ítalía, Breiðbandsuppbygging í strjálbýlum héruðum Toscana), N 473/2007 (Ítalía, Breiðbandsuppbygging í Alto Adige) og N 115/2008 (Breiðbandsuppbygging í strjálbýlum héruðum Þýskalands).

⁽²⁷⁾ Sjá til dæmis ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar í málum N 325/2006 (Þýskaland, Framlengdur gildistími ábyrgðakerfa vegna fjármögnunar til skipasmiða), N 35/2006 (Frakkland, Ábyrgðakerfi vegna fjármögnunar og skuldabréfaútgáfu til skipasmiða) og N 253/2005 (Holland, Ábyrgðakerfi vegna fjármögnunar til skipasmiða).

⁽²⁸⁾ Sérákvæðin aðstoð er oft undanskilin gildissviði almennrar reglugerðar um hópundanþágu. Þetta á jafnan við þegar um stórfyrirtæki er að ræða (sbr. 5. mgr. 1. gr. reglugerðar um almenna hópundanþágu) en einnig, í vissum tilvikum, þegar um lítil og meðalstór fyrirtæki er að ræða (sjá 13. og 14. gr., um byggðaaðstoð, 16. gr., um frumkvöðlastarf kvenna, 29. gr., um aðstoð í mynd áhættufjár, og 40. gr., um aðstoð til að stuðla að ráðningu starfsmanna sem standa höllum fæti). Sérstök skilyrði gilda um sérákvæðna byggðaaðstoð til fjárfestinga, sjá 10. nmgr. Þá gilda ákvæði þessara leiðbeinandi reglna með fyrirvara um orðsendingar og leiðbeiningar sem Eftirlitsstofnun EFTA kann að gefa út og lúta að ítarlegum fjárhagslegum matsskilyrðum sem fara ber eftir við mat á því hvort mál, sem skylt er að tilkynna sérstaklega hvert um sig, samrýmast gildandi reglum.

til þess að með vísan til sérstakra aðstæðna málsins telst viðkomandi ráðstöfun ekki hafa áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna ⁽²⁹⁾.

- ix) Framlenging á gildistíma og/eda breyting á ákvæðum gildandi aðstoðarkerfa sem falla ekki undir einfaldaða málsmeðferð samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004 um framkvæmdar ákvæði sem um getur í 27. gr. II. hluta bókunar 3 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁰⁾ (sjá 3. flokk hér fyrir neðan), til að mynda í tengslum við aðlögun gildandi aðstoðarkerfa að nýjum leiðbeinandi reglum sem varða almenna ríkisaðstoð ⁽³¹⁾.

Þessi upptalning er fyrst og fremst til skýringar, enda ræðst nákvæmt umfang þessa flokks af því hvernig ákvörðunarframkvæmd Eftirlitsstofnunar EFTA þróast. Ef tilefni er til verður listinn endurskoðaður til samræmis við breytta framkvæmd.

- c) 3. flokkur: Framlengdur gildistími eða rýmkað gildissvið gildandi aðstoðarkerfa

Í 4. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL er mælt fyrir um einfaldaða tilhögun tilkynninga um vissar breytingar á gildandi aðstoðarkerfum. Þar er að finna eftirfarandi ákvæði: „[S]kal tilkynna eftirfarandi breytingar á yfirstandandi aðstoð á einfölduðum tilkynningareyðublaðum sem er að finna í II. viðauka við þessa ákvörðun:

- hækkun á fjárveitingu fyrir heimilað aðstoðarkerfi sem fer yfir 20%,
- framlengingu á yfirstandandi aðstoðarkerfi um allt að sex ár, hvort sem henni fylgir hækkun á fjárveitingu eða ekki,
- strangari skilyrði fyrir beitingu á heimilðu aðstoðarkerfi, lækkun á aðstoðarhlutfalli eða lækkun á styrkhæfum útgjöldum“.

Þessar leiðbeinandi reglur koma ekki í veg fyrir að beita megi ákvæðum 4. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL. Stofnunin beinir því þó til stjórnvalda í EFTA-ríki, sem hyggest leggja fram tilkynningu, að fylgja tilhögun samkvæmt þessum reglum og nota þannig m.a. einfaldaða tilkynningareyðublaðið, sem fylgir ákvörðun stofnunarinnar 195/04/COL, til að greina frá fyrirhugaðri tilkynningu um viðkomandi aðstoðarráðstafanir. Í tengslum við þessa málsmeðferð verður einnig leitað leyfis stjórnvalda í viðkomandi EFTA-ríki til að birta ágríp af tilkynningunni á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA.

Fyrirvarar og undantekningar

- 6) Einfölduð málsmeðferð getur aðeins átt við þegar um ræðir aðstoð, sem er tilkynnt á grundvelli 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, og ólöglegt aðstoð getur því ekki fallið undir hana. Að því leyti sem ákvæði EES-samningsins eiga við um hverja atvinnugrein gildir ennfremur að aðstoð getur ekki fallið undir einfaldaða málsmeðferð ef hún er veitt til styrktar starfsemi á sviði fiskveiða eða fiskeldis, starfsemi sem tengist frumframleiðslu landbúnaðarafurða eða starfsemi á sviði úrvinnslu eða markaðssetningar landbúnaðarafurða, vegna sérstaks eðlis þessara greina. Þá verður einfaldaðri málsmeðferð ekki beitt afturvirk, þ.e. þegar um ræðir fyrirhugaðar ráðstafanir sem upplýst var um fyrir 1. janúar 2010.

⁽²⁹⁾ Sjá ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar í málum N 258/2000 (Þýskaland, Sundhöll í Dorsten), N 486/2002 (Svíþjóð, Aðstoð í þágu ráðstefnumiðstöðvar í Visby), N 610/2001 (Þýskaland, Áætlun um uppbyggingu í ferðaþjónustu í Baden-Württemberg), N 377/2007 (Holland, Stuðningur við Bataviawerf – Endurbýgging skips frá 17. öld). Í ofangreindum fjórum ákvörðunum eru sett þau skilyrði, fyrst og fremst, fyrir því að líta megi svo á að viðkomandi ráðstöfun hafi engin áhrif á viðskipti milli EES-ríkja, að stjórnvöld í hluteigandi EFTA-ríki verði að sýna fram á eftirfarandi atriði: 1. að aðstoðin valdi því ekki að fjárfestingar beinist til viðkomandi héraðs sérstaklega, 2. að styrkþeginn bjóði eingöngu vörur eða þjónustu til nota í viðkomandi byggð og/eda á takmörkuðu landsvæði, 3. að áhrif á neytendur í nærliggjandi EES-ríkjum verði í mesta lagi óveruleg og 4. að markaðshlutdeild styrkþegans sé óveruleg hvernig sem viðkomandi markaður er skilgreindur og að hann tilheyri ekki samsteypu fyrirtækja með umfangsmeyri starfsemi. Vekja ber sérstaka athygli á þessum atriðum á eyðublaði undir drög að fyrirhugaðri tilkynningu sem um getur í 14. mgr. þessara reglna.

⁽³⁰⁾ Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37, og EES-viðbætur nr. 26, 25.5.2006, bls. 1. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 319/05/COL frá 14. desember 2005 (Stjtið. ESB L 113, 27.4.2006, bls. 24, og EES-viðbætur nr. 21, 27.4.2006, bls. 46) og ákvörðun 789/08/COL frá 17. desember 2008 (Stjtið. ESB L 340, 22.12.2010, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 72, 22.12.2010, bls. 1). Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 659/1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans (Stjtið. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1).

⁽³¹⁾ Sjá til dæmis ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar í málum N 585/2007 (Bretland, Framlengdur gildistími rannsókn- og þróunaráætlunar fyrir Yorkshire), N 275/2007 (Þýskaland, Áætlun um björgun og endurskipulagningu litilla og meðalstórra fyrirtækja í Bremen), N 496/2007 (Ítalía (Langbarðaland), Ábyrgðasjóður til að örva áhættufjárfestingar) og N 625/2007 (Lettland, Aðstoð til að örva áhættufjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum).

- 7) Við mat á því hvort tilkynnt aðstoð skuli teljast til einhvers þess flokks styrkhæfra ráðstafana sem taldir eru upp í 5. mgr. mun Eftirlitsstofnun EFTA fullvissa sig um að nægilega skýrt liggja fyrir á hvaða leiðbeinandi reglum og/eða hvaða viðteknu ákvörðunarframkvæmd stofnunarinnar beri að byggja mat á ráðstöfuninni, svo og hver málsatriðin eru. Með hliðsjón af því að þegar ákveðið er hvort beita skuli einfaldaðri málsmeðferð skiptir öllu að engar upplýsingar vanti í tilkynninguna er því beint til stjórnvalda í EFTA-ríki, sem hyggjast tilkynna fyrirhugaða ráðstöfun, að greina frá öllu sem máli skiptir strax í aðdraganda tilkynningarinnar, m.a. á hvaða fordæmisákvörðunum er byggt, ef það á við (sjá 14. mgr.).
- 8) Eftirlitsstofnun EFTA beitir ekki einfaldaðri málsmeðferð ef ófullkomnar upplýsingar eru á tilkynningareyðublaðinu eða ef þær reynast misvisandi eða rangar. Þá beitir stofnunin að jafnaði ekki einfaldaðri málsmeðferð ef tilkynningin varðar lagaleg atriði sem ekki hafa komið til umfjöllunar áður og hafa almennt gildi.
- 9) Þó að gera megi ráð fyrir að engar efasemdir vakni að jafnaði um hvort aðstoðarráðstafanir, sem tilheyra flokkunum sem lýst er í 5. mgr., séu samrýmanlegar EES-samningnum geta engu að síður verið fyrir hendi sérstakar aðstæður sem nauðsynlegt er að athuga nánar. Í slíkum tilvikum getur Eftirlitsstofnun EFTA ákveðið, hvenær sem vera skal, að beita venjulegri málsmeðferð.
- 10) Til sérstakra aðstæðna af þessu tagi geta einkum talist: tiltekin aðstoðarform sem enn hefur ekki reynt á í ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA, fordæmisákvæðanir sem stofnunin kann að hafa tekið til endurskoðunar með hliðsjón af nýlegri dómaframkvæmd eða breytinga á ákvæðum um Evrópska efnahagssvæðið, ný tæknileg atriði og álitamál sem snúa að því hvort ráðstöfunin er samrýmanleg öðrum ákvæðum EES-samningsins (svo sem bannið við mismunun, fjórfrælsið o.s.frv.).
- 11) Beitt verður venjulegri málsmeðferð ef tilkynnt aðstoðarráðstöfun er þess eðlis að hún getur komið til góða fyrirtæki sem hefur verið gert að endurgreiða aðstoð í kjölfar eldri ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA um að lýsa þá aðstoð ólögmeta og ósamrýmanlega EES-samningnum (svonefnt Deggendorf-mál).
- 12) Loks beitir stofnunin einnig venjulegri málsmeðferð ef þriðji aðili leggur fram rökstuddar athugasemdir um hina tilkynntu ráðstöfun innan þess frests sem mælt er fyrir um í 21. mgr. þessara leiðbeinandi reglna⁽³²⁾ og sendir þá stjórnvöldum í hlutaðeigandi EFTA-ríki upplýsingar um það.

3. Málsmeðferðarákvæði

Upplýsingaskipti í aðdraganda tilkynningar

- 13) Það er reynsla Eftirlitsstofnunar EFTA að gagnlegt er að skiptast á upplýsingum við stjórnvöld í EFTA-ríki í aðdraganda tilkynningar, jafnvel í málum sem virðast vandkvæðalítill. Slík upplýsingaskipti nýtast Eftirlitsstofnun EFTA og stjórnvöldum í viðkomandi EFTA-ríki einkum til að ákvarða með góðum fyrirvara við hvaða leiðbeinandi reglum eða fordæmisákvæðanir stofnunarinnar skuli stuðst, hversu flóknar athuganir ætla má að mat stofnunarinnar muni hafa í för með sér og hversu víðtækar og ítarlegar upplýsingar stofnunin muni þurfa að fá í hendur til að geta metið málið að fullu.
- 14) Með hliðsjón af því hversu skammur tími er til stefnu þegar beitt er einfaldaðri málsmeðferð getur mat á ráðstöfun á sviði ríkisástoðar ekki farið fram samkvæmt þeirri málsmeðferð nema stjórnvöld í EFTA-rikinu hafi skipst á upplýsingum við Eftirlitsstofnun EFTA í aðdraganda tilkynningar. Í þessu samhengi er stjórnvöldum bent á að leggja fram drög að fyrirhugaðri tilkynningu á þar til gerðu eyðublaði, ásamt nauðsynlegum viðbótarupplýsingablöðum sem kveðið er á um í 2. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL, svo og viðkomandi fordæmisákvörðunum eftir því sem við á, gegnum tölvukerfið sem stofnunin hefur komið upp í þessu skyni. Stjórnvöld í EFTA-rikinu geta á þessu stigi málsins einnig farið þess á leit við stofnunina að hún falli frá kröfu um að tilteknir kaflar tilkynningareyðublaðsins verði fylltir út. Þá geta stjórnvöld í EFTA-rikinu og Eftirlitsstofnun EFTA komið sér saman um það, í sambandi við upplýsingaskipti í aðdraganda tilkynningar, að

⁽³²⁾ Samkvæmt dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins og dómstóla Evrópubandalaganna hefur þetta ekki í för með sér aukinn rétt þriðja aðila. Sjá mál T-95/03, „Asociación de Empresarios de Estaciones de Servicio de la Comunidad Autónoma de Madrid and Federación Catalana de Estaciones de Servicio v Commission“; dómasafn 2006, bls. II-4739, 139. mgr. og mál T-73/98, Prayon-Rupel gegn framkvæmdastjórn, dómasafn 2001, bls. II-867, 45. mgr.

hlutaðeigandi EFTA-ríki þurfi ekki að leggja fram drög að fyrirhugaðri tilkynningu og tilheyrandi fylgigögn í aðdraganda tilkynningarinnar. Slíkt samkomulag getur til að mynda verið heppilegt vegna svipaðs eðlis sumra aðstoðarráðstafana (dæmi um þetta er sá flokkur aðstoðar sem fjallað er um í stafl. c) í 5. mgr. þessara leiðbeinandi reglna). Í þessu samhengi getur hugsast að stjórnvöldum í EFTA-ríkinu verði bent á að leggja tilkynninguna fram án tafar þegar Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að engin þörf sé á ítarlegum viðræðum um fyrirhugaðar ráðstafanir.

- 15) Eftirlitsstofnun EFTA mun koma á fyrsta upplýsingafundi í aðdraganda tilkynningar á fyrstu tveimur vikunum eftir að henni berast drög að fyrirhugaðri tilkynningu. Stofnunin mun stuðla að upplýsingaskiptum með rafpósti eða fjarfundum, eða boða til fundar ef stjórnvöld í EFTA-ríkinu óska þess sérstaklega. Áður en fimm virkir dagar eru liðnir frá síðustu upplýsingaskiptum í aðdraganda tilkynningar mun Eftirlitsstofnun EFTA greina stjórnvöldum í EFTA-ríkinu frá því hvort hún telur málið þess eðlis að það virðist við fyrstu sýn geta fallið undir einfaldaða málsmeðferð, og hvaða frekari upplýsingar þurfi að leggja fram til þess taka megi ráðstöfunina til athugunar samkvæmt þeirri málsmeðferð, eða hvort málið verði fellt undir venjulega málsmeðferð.
- 16) Tilkynni Eftirlitsstofnun EFTA að málið geti fallið undir einfaldaða málsmeðferð merkir það að stjórnvöld í viðkomandi EFTA-ríki og stofnunin séu á einu máli um að upplýsingar, sem lagðar hafa verið fram í aðdraganda tilkynningar, virðist við fyrstu sýn þess eðlis að þær myndu teljast fullkomin tilkynning ef þær væru lagðar fram sem formleg tilkynning. Eftirlitsstofnun EFTA geti því, að öðru jöfnu, samþykkt ráðstöfunina um leið og hún hefur verið tilkynnt formlega á tilkynningareyðublaði með niðurstöðum upplýsingaskiptanna sem fram fóru í aðdraganda tilkynningar, án þess að nokkurra frekari upplýsinga sé þörf.

Tilkynning

- 17) Stjórnvöld í EFTA-ríkinu verða að tilkynna viðkomandi aðstoðarráðstafanir eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að Eftirlitsstofnun EFTA hefur tilkynnt að við fyrstu sýn virðist sem ráðstöfunin geti fallið undir einfaldaða málsmeðferð. Ef tilkynningin felur í sér breytingar á upplýsingum, sem lagðar voru fram í aðdraganda tilkynningarinnar, verður að koma skýrt fram á tilkynningareyðublaðinu hverjar þær breytingar eru.
- 18) Framlagning tilkynningar af hálfu stjórnvalda í hlutaðeigandi EFTA-ríki markar upphaf frestsins sem um getur í 2. mgr.
- 19) Ekki er gert ráð fyrir sérstöku einfölduðu tilkynningareyðublaði í tengslum við einfaldaða málsmeðferð. Í öðrum málum en þeim, sem falla í þann flokk aðstoðar sem lýst er í stafl. c) í 5. mgr. þessara leiðbeinandi reglna, ber að leggja tilkynninguna fram á stöðluðu tilkynningareyðublaðunum sem er að finna í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL.

Birting ágríps af tilkynningunni

- 20) Ágrip af tilkynningunni, byggt á upplýsingunum sem stjórnvöld í EFTA-ríkinu hafa lagt fram, verður birt á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA á staðaleyðublaðinu sem sýnt er í viðauka við þessar leiðbeinandi reglur. Á staðaleyðublaðinu kemur fram að með vísan til upplýsinga, sem borist hafi frá stjórnvöldum í EFTA-ríkinu, virðist mega telja að viðkomandi aðstoð geti fallið undir einfaldaða málsmeðferð. Þegar stjórnvöld í EFTA-ríkinu fara þess á leit við Eftirlitsstofnun EFTA að hún felli tilkynnta ráðstöfun undir þessar leiðbeinandi reglur verður litið á það sem staðfestingu á því að engar trúnaðarupplýsingar sé að finna í tilkynningunni, með tilliti til þess að hún verður birt á vefsetrinu á eyðublaðinu sem sýnt er í viðauka við þessar reglur. Jafnframt er stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum bent á að taka skýrt fram hvort vikið sé að viðskiptaleyndarmálum í tilkynningunni.
- 21) Þeir, sem kunna að hafa hagsmuna að gæta, hafa eftir þetta 10 virka daga til að koma athugasemdum á framfæri (og þá einnig sérstaka gerð þeirra athugasemda án trúnaðarupplýsinga), einkum að því er varðar aðstæður sem ástæða gæti verið til að rannsaka nánar. Ef hagsmunaaðilar leggja fram rökstuddar athugasemdir um samkeppnisatriði sem tengjast hinni tilkynntu ráðstöfun fellir Eftirlitsstofnun EFTA málið undir venjulega málsmeðferð og tilkynnir það stjórnvöldum í EFTA-ríkinu og viðkomandi hagsmunaaðila/-um. Stjórnvöldum í EFTA-ríkinu verða einnig sendar upplýsingar um hinar rökstuddu athugasemdir og gefið færi á að segja álit sitt á þeim.

Einfölduð ákvörðun

- 22) Ef Eftirlitsstofnun EFTA telur fullvíst að tilkynnt ráðstöfun fullnægi skilyrðum fyrir einfaldaðri málsmeðferð (sjá einkum 5. mgr. í því sambengi) gefur hún út einfaldaða ákvörðun. Stofnunin mun þannig leitast við af fremsta megni að taka ákvörðun þess efnis að hin tilkynnta ráðstöfun feli ekki í sér aðstoð eða ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum, í samræmi við 2. eða 3. mgr. 4. gr. II. hluta bókar 3, áður en 20 virkir dagar eru liðnir frá tilkynningardeg, nema einhver þeirra fyrirvara eða undantekninga eigi við, sem getið er í 6.–12. mgr. þessara leiðbeinandi reglna.

Birting einfaldaðrar ákvörðunar

- 23) Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 26. gr. II. hluta bókar 3 birtir Eftirlitsstofnun EFTA auglýsingu með ágrípi af ákvörðuninni í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau. Einfaldaða ákvörðunin verður einnig aðgengileg á vefsetri stofnunarinnar. Í henni verður tilvísun til ágríps af tilkynningunni eins og það var birt á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA þegar tilkynningin barst, staðlað mat á ráðstöfuninni samkvæmt 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og, þar sem við á, yfirlýsing þess efnis að ráðstöfunin teljist samrýmanleg EES-samningnum þar eð hún tilheyrir einum eða fleiri þeirra flokka sem lýst er í 5. mgr. þessara leiðbeinandi reglna, og verður þess þá sérstaklega getið um hvaða flokk/flokka er að ræða og vísað til viðeigandi leiðbeinandi reglna um almenna ríkisaðstoð og/ eða fordæmisákvæðana.

4. Lokaákvæði

- 24) Að ósk stjórnvalda í hlutaðeigandi EFTA-ríki mun Eftirlitsstofnun EFTA beita lagasjónarmiðum þessara leiðbeinandi reglna gagnvart ráðstöfunum, sem tilkynntar eru samkvæmt 17. mgr., frá 1. janúar 2010 að telja.
- 25) Eftirlitsstofnun EFTA getur endurskoðað þessar leiðbeinandi reglur með vísan til mikilvægra sjónarmiða er varða samkeppnisstefnu, eða í þeim tilgangi að taka tillit til breytinga á ríkisaðstoðarlöggjöf og ákvörðunarframkvæmd. Stofnunin hyggst taka reglurnar til fyrstu endurskoðunar eigi síðar en fjórum árum eftir birtingu. Í því sambengi verður athugað hvort ástæða sé til að taka upp sérhæfð einfölduð tilkynningareyðublöð í því skyni að greiða fyrir framkvæmd þessara leiðbeinandi reglna.

II. VIÐAUKI

Ágrip af tilkynningu: Auglýst eftir athugasemdum þriðja aðila

Tilkynning um ráðstöfun á sviði ríkisaðstoðar

Hinn ... barst Eftirlitsstofnun EFTA tilkynning um ráðstöfun á sviði ríkisaðstoðar í samræmi við 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókonar 3 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Forathugun stofnunarinnar hefur leitt í ljós að hin tilkynnta ráðstöfun gæti fallið undir gildissvið leiðbeinandi reglna stofnunarinnar um einfaldaða málsmeðferð við afgreiðslu tiltekinna tegunda ríkisaðstoðar (Stjtið. ESB C ..., bls. ...).

Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda Eftirlitsstofnun EFTA athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu ráðstöfun.

Helstu þættir aðstoðarráðstöfunarinnar eru sem hér segir:

Tilvísunarnúmer aðstoðar: N ...

EFTA-ríki:

Tilvísunarnúmer EFTA-ríkis:

Byggðarlag:

Stjórnvald sem veitir aðstoðina:

Heiti aðstoðarráðstöfunar:

Ákvæði landslaga sem byggt er á:

Ákvæði EES-löggjafar sem vísað er til vegna mats á ráðstöfuninni: Leiðbeinandi reglur um ... eða viðtekin stjórnábylgjuför Eftirlitsstofnunar EFTA eins og henni er lýst í ákvörðun stofnunarinnar (1, 2 og 3).

Tegund aðstoðar: aðstoðarkerfi/sérákveðin aðstoð

Breyting á ákvæðum eldri aðstoðarráðstöfunar:

Gildistími (aðstoðarkerfi):

Aðstoð veitt (dagsetning):

Atvinnugrein(ar) sem ráðstöfunin varðar:

Tegund styrkþega (lítill og meðalstór fyrirtæki/stórfyrirtæki):

Fjárveiting:

Aðstoðarform (styrkur, vaxtaniðurgreiðsla, ...):

Athugasemdir, sem lúta að samkeppnisatriðum í tengslum við hina tilkynntu ráðstöfun, verða að berast Eftirlitsstofnun EFTA eigi síðar en 10 virkum dögum eftir að þessi auglýsing birtist, og verður að fylgja þeim sérstök gerð sömu athugasemda án trúnaðarupplýsinga sem framsenda má stjórnvöldum í hlutaðeigandi EFTA-ríki og/eða öðrum aðilum sem eiga hagsmuna að gæta. Athugasemdir má senda stofnuninni með símbréfi, pósti eða rafpósti, með tilvísunarnúmerinu N ..., á eftirfarandi pósthfang:

EFTA Surveillance Authority
Rue Belliard 35
B-1040 Brussel/Bruxelles
BELGIUM
Bréfasími: +32 (0)2 286 18 00
Netfang: registry@eftasurv.int

Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins**2012/EES/14/02**

Eftirlitsstofnun EFTA hefur komist að þeirri niðurstöðu að eftirgreind ráðstöfun feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Dagsetning ákvörðunar: 14.12.2011

Málsnúmer: 68563

Ákvörðunarnúmer: 391/11/COL

EFTA-ríki: Ísland

Fyrirsögn: Orkusamningur milli Landsvirkjunar og Alcan Iceland Ltd.

Lagaheimild: Lög nr. 42/1983 um Landsvirkjun; orkusamningur milli Landsvirkjunar og Alcan Iceland Ltd.

Markmið: Á ekki við

Gildistími: 24 ár

Atvinnugreinar: Raforkuframleiðsla/málmframleiðsla

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins**2012/EES/14/03**

Eftirlitsstofnun EFTA hefur komist að þeirri niðurstöðu að eftirgreind ráðstöfun feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Dagsetning ákvörðunar: 14.12.2011

Málsnúmer: 69969

Ákvörðunarnúmer: 392/11/COL

EFTA-ríki: Ísland

Fyrirsögn: Orkusamningur milli Landsvirkjunar og Íslenska kísilfélagsins ehf.

Lagaheimild: Lög nr. 59/1965 um Landsvirkjun; orkusamningur milli Landsvirkjunar og Íslenska kísilfélagsins ehf.

Markmið: Á ekki við

Gildistími: 18 ár

Atvinnugreinar: Raforkuframleiðsla/málmframleiðsla

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum**2012/EES/14/04**

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar: 14.12.2011

Málsnúmer: 70924

Ákvörðunarnúmer: 395/11/COL

EFTA-ríki: Liechtenstein

Fyrirsögn: Framlenging á ríkisaðstoðarkerfi samkvæmt lögum um styrki til fjölmiðla

Lagaheimild: Lög um styrki til fjölmiðla frá 21. september 2006 (Medienförderungsgesetz)

Markmið: Að varðveita fjölbreytni í skoðanaskiptum, stuðla að vandaðri blaðamennsku, svo og að greiða fyrir dreifingu fjölmiðla sem hafa áhrif á skoðanamyndun í Liechtenstein

Aðstoðarform: Styrkir

Fjárveiting: 11,04 milljónir CHF, 1,84 milljónir CHF á ári

Gildistími: 1. janúar 2012 til 31. desember 2017

Atvinnugreinar: Fjölmiðlar, útgáfustarfsemi

Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð: Medienkommission, Regierungsgebäude FL - 9490 Vaduz Liechtenstein

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Kæra Den norske Forleggerforening gegn Eftirlitsstofnun EFTA sem lögð var fram 9. janúar 2012 **2012/EES/14/05**

(Mál E-1/12)

Hinn 9. janúar 2012 lagði Den norske Forleggerforening fram fyrir EFTA-dómstólnum kæru á hendur Eftirlitsstofnun EFTA; í fyrirsvari er Jan Magne Juuhl-Langseth, advokat, Advokatfirmaet Schjødt, Munkedamsveien 45, N-0201 Ósló, Noregi.

Kröfur sóknaraðila eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi ógilda ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 311/11/COL, og
2. Dómstóllinn geri Eftirlitsstofnun EFTA að greiða málskostnað.

Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings dómkröfunum:

- Sóknaraðili er samtök útgefenda í Noregi. Félagsaðilar eru útgáfufyrirtæki í Noregi.
- Sóknaraðili fer fram á ógildingu ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 311/11/COL, sem var samþykkt 12. október 2011.
- Sóknaraðili telur m.a. að Eftirlitsstofnun EFTA hafi:
 - Látið hjá líða að hefja formlega rannsókn í samræmi við 2. mgr. 1. gr. í I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, og
 - Hafi ekki rökstutt ákvörðun sína nægilega, eins og mælt er fyrir um í 16. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2012/EES/14/06

(mál COMP/M.6314 – Telefónica UK/Vodafone UK/Everything Everywhere/JV)

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. mars 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Telefónica UK Limited („Telefónica UK“), sem tilheyrir Telefónica-samsteypunni, breska fyrirtækið Vodafone UK Limited („Vodafone UK“), sem tilheyrir Vodafone Group Plc, og fyrirtækið Everything Everywhere Limited („EE“), sem lýtur sameiginlegum yfirráðum France Télécom og Deutsche Telekom, öðlast með hlutafjárkaupum í nýstofnuðu, sameiginlegu fyrirtæki í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í breska fyrirtækinu JVCo.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Telefónica UK: fastlínu- og farsímaþjónusta í Bretlandi
 - Vodafone UK: rekur farsímanet og skylda fjarskiptaþjónustu, m.a. símaþjónustu, skilaboðaþjónustu, gagna- og efnisþjónustu, boðþjónustu og virðisaukandi netþjónustu í Bretlandi
 - EE: fastlínu- og farsímaþjónusta í Bretlandi
 - JVCo: ýmiss konar þjónusta á sviði viðskipta um farsíma til fyrirtækja, m.a. stafræn markaðsfærsluþjónusta, viðskiptaþjónusta um farsíma og nettengdar tölvur og tengd gagnagreiningarþjónusta
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 74, 13. mars 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6314 – Telefónica UK/Vodafone UK/Everything Everywhere/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29. I. 2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2012/EES/14/07****(mál COMP/M.6510 – Remondis/Sortiva/Stam Papier Recycling)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. mars 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollensku fyrirtækin Sortiva B.V. („Sortiva“) og Remondis Nederland B.V. („Remondis“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í hollensku fyrirtækjunum Sortiva Papier en Kunststoffen B.V. („Sortiva P&K“) og Stam Papier-Recycling B.V. („Stam“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Remondis: safnar, aðskilur og flokkar pappír, pappa og annað sorp
 - Sortiva: aðskilur, flokkar og endurvinnur sorp annað en spilliefni, s.s. við og grjótmulning
 - Sortiva P&K: aðskilur og flokkar pappír og pappa
 - Stam: safnar, aðskilur og flokkar pappír og pappa og eyðir skjólum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 71, 9. mars 2012). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6510 – Remondis/Sortiva/Stam Papier Recycling, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2012/EES/14/08

(mál COMP/M.6521 – Talanx International/Meiji Yasuda Life Insurance/Warta)

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. mars 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Talanx International AG („TINT“) og hið japanska Meiji Yasuda Life Insurance Company („MY“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í pólska fyrirtækinu Towarzystwo Ubezpieczeń i Reasekuracji Warta S.A. („Warta“), að frátöldum dótturfélögum þess, Powszechne Towarzystwo Emerytalne WARTA S.A. og KBC Towarzystwo Funduszy Inwestycyjnych S.A.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - TINT: váttryggingar, aðrar en líftryggingar, líftryggingar, endurtryggingar
 - MY: váttryggingar, aðrar en líftryggingar, líftryggingar, endurtryggingar
 - Warta: váttryggingar, aðrar en líftryggingar, líftryggingar, endurtryggingar
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 72, 10. mars 2012). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni Talanx International/Meiji Yasuda Life Insurance/Warta, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29. I. 2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2012/EES/14/09****(mál COMP/M.6532 – Samsung Group/Corning Group)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. mars 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem suður-kóreska fyrirtækið Samsung Mobile Display Co., Ltd. („SMD“), sem tilheyrir Samsung-samteyppunni, og japanska fyrirtækið Corning Holding Japan G.K. („Corning“), sem tilheyrir Corning-samteyppunni, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í nýstofnuðu fyrirtæki („sameiginlega fyrirtækið“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - SMD: framleiðsla og sala á flatskjám, einkum TFT-LCD-skjám og OLED-skjám
 - Corning: eignarhaldsfélag sem fjárfestir í fyrirtækjum sem framleiða og selja TFT-LCD-glervöru til nota í skjám, ásamt því að selja aðrar vörur Corning í Japan
 - Sameiginlegt fyrirtæki: framleiðsla og sala á glerundirlagi fyrir OLED-tæki í Kóreu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 75, 14. mars 2012). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6532 – Samsung Group/Corning Group, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/14/10**
(mál COMP/M.6216 – IHC/DEME/OceanfLORE JV)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 22. febrúar 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32012M6216. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/14/11**
(mál COMP/M.6369 – HBO/Ziggo/HBO Nederland)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 21. desember 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6369. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/14/12**
(mál COMP/M.6381 – Google/Motorola Mobility)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 13. febrúar 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32012M6381. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/14/13**
(mál COMP/M.6441 – Senoble/Agrial/Senagraal JV)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 20. febrúar 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32012M6441. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/14/14**
(mál COMP/M.6475 – AXA Reim/CBRE PFCE Management/Warsaw III)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 5. mars 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32012M6475. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/14/15**
(mál COMP/M.6480 – PetroFina/Fina Antwerp Olefins)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 24. febrúar 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32012M6480. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/14/16**
(mál COMP/M.6507 – Anglo American/De Beers)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 6. mars 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32012M6507. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/14/17**
(mál COMP/M.6509 – GE/KGAL/Extresol-2)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 1. mars 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32012M6509. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ríkisaðstoð – Frakkland**2012/EES/14/18****Málsnúmer SA.23257 (12/C, áður NN 8/10, áður CP 157/07) – Starfsgreinarsamningur innan ramma „Association française pour la valorisation des produits et des secteurs professionnels de l’horticulture et du paysage“ (Val’Hor)****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Frakklandi, með bréfi dagsettu 11. janúar 2012, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágrip þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB ([C 66, 6.3.2012](#), bls. 32). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Agriculture and Rural Development
Directorate M. Agricultural legislation
Unit M.2. Competition
Office: Loi 130 5/94/A
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË
Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Frakklandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Orðsending efnahags-, landbúnaðar- og nýsköpunarráðherra Konungsríkisins 2012/EES/14/19
Hollands með vísan til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um
skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni**

Efnahags-, landbúnaðar- og nýsköpunarráðherra gjörir kunnugt að borist hefur umsókn um leyfi til kolvetnisleitar á svæði sem nefnist Opmeer.

Svæðið, sem umsóknin varðar, er í sýslunni Norður-Hollandi og afmarkast af beinum línunum sem tengja hornpunktapörin A-B, B-C, C-D, D-E, E-F, F-G, G-H, H-I, I-J, J-K, K-L, L-M, M-N og A-N.

Hnit hornpunktanna, sem vísað er til hér að framan, eru sem hér segir:

Hornpunktur	X	Y
A	118790,00	538390,00
B	120800,00	535000,00
C	123450,00	532000,00
D	126950,00	527300,00
E	130100,00	525000,00
F	132150,00	522600,00
G	134660,00	516000,00
H	131559,50	516071,00
I	130528,33	512343,19
J	126275,00	515000,00
K	120000,00	518150,00
L	118750,00	520000,00
M	117585,00	522850,00
N	115000,00	525260,00

Ofangreindir hornpunktar eru skilgreindir með jarðhnitum í kerfi Hornamælinga ríkisins (RD, Rijks Driehoeksmeting).

Í samræmi við þessa afmörkun svæðisins er flatarmál þess 229,0 km².

Með vísan til ofangreindrar tilskipunar og ákvæða 15. gr. námálaga (*Staatsblad* (hollensku stjórnartíðindin) nr. 542, 2002), auglýsir efnahags-, landbúnaðar- og nýsköpunarráðherra eftir samkeppnisumsóknum áhugaaðila um leyfi til kolvetnisvinnslu á svæðinu sem afmarkast af ofangreindum hornpunktunum og hnitum.

Úthlutun leyfa er í höndum efnahags-, landbúnaðar- og nýsköpunarráðherra. Viðmið, skilmálar og kröfur, sem um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. ofangreindrar tilskipunar, koma fram í námalögum („Mijnbouwwet“) (sjá *Staatsblad* nr. 542, 2002).

Tekið verður á móti umsóknum í 13 vikur eftir að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (birtingardagur 8.3.2012). Umsóknir ber að senda:

De minister van Economische Zaken, Landbouw en Innovatie
ter attentie van de heer P. Jongerius, directie Energiemarkt
ALP A/562
Bezuidenhoutseweg 30
Postbus 20101
2500 EC Den Haag
Nederland

Umsóknir, sem berast eftir að fresturinn rennur út, verða ekki teknar til greina.

Ákvörðun um umsóknirnar verður tekin eigi síðar en tólf mánuðum eftir að fresturinn rennur út.

Nánari upplýsingar veitir hr. E.J. Hoppel í síma +31 703797762.

Opin auglýsing eftir tillögum – GP/RPA/ReferNet-FPA/001/12**2012/EES/14/20****ReferNet – Evrópskt net Cedefop á sviði starfsmenntunar og starfsþjálfunar****1. Markmið og lýsing**

Markmiðið með auglýsingu þessari er að koma á fót evrópsku neti á sviði starfsmenntunar og starfsþjálfunar – ReferNet – og á grundvelli hennar verður einn umsækjandi frá Írlandi og Spáni valinn (sjá 3. lið hér að neðan, hlutgengisskilyrði) og mun Cedefop gera við hann fjögurra ára samstarfssamning. Að því loknu verður gerður sérstakur styrksamningur við þá umsækjendur, sem verða fyrir valinu, vegna vinnuáætlunar til átta mánaða sem verður unnið eftir á árinu 2012.

Evrópumiðstöð fyrir þróun starfsmenntunar (Cedefop) er stofnun á vegum Evrópusambandsins (ESB), sem var sett á laggirnar 1975 og hefur haft aðsetur í Grikklandi frá árinu 1995. Miðstöðin nýtur viðurkenningar fyrir sérfræðiþekkingu og fyrir að vera leiðandi upplýsingaveita á sviði starfsmenntunar og starfsþjálfunar, svo og færni og hæfni, og verkefni hennar er að styðja evrópska stefnumótun á sviði starfsmenntunar og starfsþjálfunar og stuðla að framkvæmd hennar.

ReferNet er evrópskt net Cedefop á sviði starfsmenntunar og starfsþjálfunar. ReferNet gegnir því hlutverki að styðja Cedefop með skýrslugjöf um innlend kerfi á sviði starfsmenntunar og starfsþjálfunar og um mótun stefnu og með því að auka þekkingu á starfsmenntun og starfsþjálfun og því sem Cedefop gerir. Innan vébanda ReferNet eru 29 landsnefndir frá aðildarríkjum Evrópusambandsins, Íslandi og Noregi. Aðild að landsnefndum ReferNet eiga lykilstofnanir sem koma að starfsmenntun og starfsþjálfun í viðkomandi landi.

Samstarfssamningum er hrint í framkvæmd fyrir tilstilli sérstakra styrksamninga. Umsækjendur verða því ekki aðeins að leggja fram tillögu að fjögurra ára rammasamstarfi (sem leiðir til þess, ef umsækjandi verður fyrir valinu, að skrifað verður undir samstarfssamning fyrir tímabilið 2012 til 2015), heldur einnig styrkumsókn fyrir aðgerðir á árinu 2012 (sem getur leitt til undirritunar sérstaks styrksamnings til átta mánaða fyrir 2012). Umsækjandi verður að sýna fram á að hann hafi burði til framkvæma allar fyrirhugaðar aðgerðir á fjögurra ára tímabilinu og tryggja fullnægjandi samfjármögnun vegna framkvæmdar vinnuáætlunarinnar.

2. Fjárveiting og lengd verkefna

Áætluð fjárveiting á fjögurra ára gildistíma samstarfssamninganna er EUR 4 000 000 og ræðst af árlegum ákvörðunum fjárveitingavaldsins.

Heildarfjárveiting fyrir árlega vinnuáætlun 2012 (starfstími verkefnisins: 12 mánuðir) er EUR 955 000 fyrir 27 aðildarríki, Ísland og Noreg.

Styrkurinn er mishár eftir íbúafjölda landsins og hann er veittur til að framkvæma árlega vinnuáætlun. Heildarfjárveitingunni fyrir vinnuáætlunina 2012 verður skipt milli þriggja ríkjahópa í samræmi við íbúafjölda.

- Ríkjahópur 1: Eistland, Kýpur, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Malta, Slóvenía og Ísland: Hámarksstyrkfjárhæð: 23 615 evrur.
- Ríkjahópur 2: Austurríki, Belgía, Búlgaría, Danmörk, Finnland, Grikkland, Holland, Írland, Portúgal, Rúmenía, Slóvakía, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland og Noregur: Hámarksstyrkfjárhæð: 33 625 evrur.
- Ríkjahópur 3: Bretland, Frakkland, Ítalía, Pólland, Spánn og Þýskaland: Hámarksstyrkfjárhæð: 43 620 evrur.

Þar eð aðgerðir samstarfsaðila ReferNet á Írlandi og Spáni munu standa skemur en 12 mánuði á árinu 2012, verður viðkomandi styrkveiting lægri en sem nemur hámarkinu hér að ofan fyrir hvert land á því ári.

Sambandsstyrknum er ætlað að mæta að nokkru kostnaði styrkþega (og/eða samstyrkþega) og á móti honum verður að koma eigið framlag styrkþega og/eða framlög sveitarfélags, héraðs, ríkis og/eða einkaaðila. Heildarframlag Sambandsins má ekki vera umfram 70% af styrkhæfum kostnaði.

Cedefop áskilur sér rétt til að úthluta ekki öllu því fé sem er tiltækt.

3. Hlutgengisskilyrði

Umsækjendur verða að uppfylla eftirfarandi kröfur til að teljast hlutgengir:

- a) umsækjandi verður að vera opinber eða einkarekin stofnun og hafa bæði lögformlega skilgreinda stöðu og stöðu lögaðila (einstaklingar eru ekki hlutgengir).
- b) umsækjandi verður að hafa staðfestu í einu eftirtalinna ríkja:
 - Írlandi,
 - Spáni.

4. Umsóknarfrestur

Senda ber umsóknir um samstarfssamning og vinnuáætlun 2012 eigi síðar en **16. apríl 2012**.

Vinnuáætlun fyrir árið 2012, að lokinni gerð sérstaks styrksamnings 2012, hefst í maí 2012 og skal standa yfir í átta mánuði.

5. Nánari upplýsingar

Heildartexta auglýsingarinnar, umsóknareyðublað og tilheyrandi viðauka er að finna á vefsetri Cedefop á eftirfarandi slóð frá og með 13. mars 2012:

<http://www.cedefop.europa.eu/EN/working-with-us/public-procurements/calls-for-proposals.aspx>

Umsóknir skulu fullnægja öllum skilyrðum sem sett eru í heildartexta auglýsingarinnar og ber að skila þeim á til þess gerðu eyðublaði.

Við mat tillagna verður tekið mið af grundvallarreglum um gagnsæi og jafna málsmeðferð.

Allar hlutgengar umsóknir verða metnar af sérfræðinganefnd sem tekur mið af hlutgengi, útilokun, vali og viðmiðum við úthlutun sem sett eru í heildartexta auglýsingarinnar.